

24. apríl 1990.

SVÖR LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTTIS

Tekið saman af starfsmönnum landbúnaðarráðuneytis,  
Skógræktar ríkisins og Héraðsskóga.

*Alþingi*

*Erindi nr. P/13/780*

*komudagur 4/3 1991*

1. Er þörf á sérstakri löggjöf um "Héraðsskóga"?

Svar:

Slíkt er auðvitað matsatriði. Ef samþykkt hefði verið á síðasta Alþingi frv. það til nýrra skógræktarlaga, sem landbúnaðarráðherra lagði þá fram, hefði kannaki ekki verið þörf á sérstöku frv. um "Héraðsskóga", þar eð framlag ríkisins er í báðum tilvikum svipað.

Hins vegar ber að líta á frv. um "Héraðsskóga", sem framhald af ályktun Alþingis frá 22. maí 1988 "um eflingu skógræktar á Fljótaldalshéraði". Telja má hæpið, að a. og b. liður þeirrar ályktunar hefði komið til framkvæmda innan ramma gildandi skógræktarlaga. Í samræmi við þessa ályktun setti landbúnaðarráðherra á fót sérstaka verkstjórn til þess að vinna að framkvæmd hennar með sérstöku "verkefni". Veitt var til þess aukafjárveiting 1989 og framlag á fjárlögum 1990. Í ljósi þessa ber að skoða framlagningu frv. um "Héraðsskóga".

Loks skal á það bent að hér er um að ræða mjög stórt verkefni á mælikvarða íslenskrar skógræktar sem markar tímamót í skógrækt á Íslandi og felur í sér stefnumörkun og skuldbindingar til langs tíma.

2. Hefði ekki reglugerð dugað?

Svar:

Nei. M.a. vegna þess, að framlög til verkefnisins, sem frv. fjallar um, eru nokkru hærri en kveðið er á um í gildandi skógræktarlögum og endurgreiðslu landeigenda hagað á nokkuð annan hátt.

3. Til mín hringdi fyrir fáeinum dögum maður, sem kynnti sig sem framkvæmdastjóra "Héraðsskóga". Samkvæmt því sýnist mér að þú sé að koma á laggirnar nýrri ríkisstofnun undir landbúnaðarráðuneyti. Hvaðan komur heimild til slíks?

SVAR:

Eins og skýrt var í svari við 1. spurningu, hefir það verið skilgreint sem sérstakt "verkefni" að framfylgja ályktun Alþingis frá 22. maí 1988. Til þess var nauðsynlegt að ráða sérstakan starfsmann, sem hefir svo sannarlega haft nóg að gera, og var verkefnisstjórnin samúala um, að sjálfsagt væri, að hann væri launaður af fjárveitingu til verkefnisins. Þess vegna fer því fjærri, að um sé að ræða nýja ríkisstofnun. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi að ríkisstjórnin veitti verkefninu

brautargengi með 12 Mkr aukafjárveitingu vorið 1989 og fjárveitingavaldið með 15 Mkr fjárveitingu á fjárlögum 1990. Verkefnið hefur með tímanum fengið vinnuheimtið Héraðsskógar og hvort starfsmaður þess er nefndur verkefnisstjóri, framkvæmdastjóri eða eitthvað annað getur vart talist þýðingarmikið.

Þess ber að geta, að þegar til stóð fyrir 4 árum að efna til same konar "verkefni" í Laugardal í Árnessýslu (sem því miður tókst ekki þá vegna þess að samstaða milli viðkomandi bænda brást), voru allir sammála um, að ráða þyrfti sérstakan verkefnisstjóra. Verkefnisstjórn Héraðsskóga hefir ákveðið ráðningu verkefnisstjórans í samráði við landbúnaðarráðuneytið.

4. Hvers vegna er þetta ekki látið heyrast undir Skógrækt ríkisins?

Svar:

Það var talið heppilegra, að fulltrúar nokkurra aðila fjölluðu um þetta sérstaka "verkefni" og stýrðu því. Þessir aðilar eru: Skógrækt ríkisins, landbúnaðarráðuneytið, Bygðastofnun, Búnaðarsamband Austurlands og Félag skógarbænda á Fljótaldalshéraði. Áætlanadeild Skógræktar ríkisins stýrir gerð áætlunar um framkvæmd og hefir eftirlit með henni.

5. Hvers vegna er þetta takmarkað við Fljótaldalshérað?

Svar:

Að hluta til er þessari spurningu svarað, þar sem fjallað er um 1. spurningu hér að ofan.

Að öðru leyti má benda á eftirfarandi:

- Árangur í ræktun Skógræktar ríkisins á Hallormsstað og víðar hefir sannfært bændur á Upphéraði um, að skógrækt sé alvöru valkostur í ræktun landsins á þessu svæði. Einmitt þarna er lengst reynsla í skógrækt til nytja á Íslandi. (Sbr. Fljótaldaláætlun, sem notið hefir styrks frá Alþingi síðan 1969.)
- Fyrir því höfðu bændur á Fljótaldalshéraði bundist samtökum um að stofna með sér félag um þetta þegar á árinu 1987.
- Á Fljótaldalshéraði á sér nú stað stórfelldur samdráttur í sauðfjárrækt fyrst og fremst vegna riðuveiki. Vitað er skv. reynslu úr öllum héruðum, þar sem þessi vágastur hefir herjað, að margir bændur byrja ekki sauðfjárrækt að nýju. Fyrir því er alveg ljóst, að mikið land losnar undan sauðfjárbætt á þessu svæði. Hér gefst því óvenjulegt tækifæri til þess að stuðla að myndarlegu átaki í nytjaskógrækt.

7. Verður sett upp ný stofnun fyrir hvert nýtt verkefni?

Svar:

Hér er ekki um að ræða sérstaka stofnun, heldur "verkefni" sbr. svar við 3. spurningu. Í þeim héruðum, þar sem nytjaskógrækt á bújörðum hefir verið í gangi í litlum stíl á undanförunum árum (Eyjafirði, Suður-Dingeyjarsýslu, Borgarfjarðarsýslu) hefir sérstök nefnd borið ábyrgð á framkvæmd lagaákvæðanna við hlið Skógræktar ríkisins (sbr. 30 gr. laga nr. 76/1984), en í henni sitja fulltrúar frá Skógrækt ríkisins, viðkomandi búnaðarsambandi og skógræktarfélagi.